

Félag skólastjórnenda í Reykjavík

Skýrsla stjórnar 2010 – 2012

5. október 2012

Inngangur

Á aðalfundi Skólastjórafélags Reykjavíkur sem haldinn var 12. nóvember 2010 voru eftirtaldir kosnir í stjórn félagsins til næstu tveggja ára:

- S. Ingibjörg Jósefsdóttir skólastjóri Hagaskóla, formaður.
- Börkur Vígbórsson skólastjóri Grandaskóla, varaformaður
- Jón Páll Haraldsson aðstoðarskólastjóri Laugarlækjarskóla, meðstjórnandi.
- Þorkell Daníel Jónsson aðstoðarskólastjóri Selásskóla, meðstjórnandi.
- Júlíana Hauksdóttir deildarstjóri við Hamraskóla, meðstjórnandi.

Varamenn

- Hanna Guðbjörg Birgisdóttir aðstoðarskólastjóri Vesturbæjarskóla.
- Bára Jóhannsdóttir deildarstjóri við Foldaskóla.

Júlíana Hauksdóttir gekk úr stjórn félagsins vegna anna við nám í byrjun skólaárs 2011 – 2012. Hanna Guðbjörg Birgisdóttir gekk í stjórn félagsins í stað Júlíönu.

Á aðalfundinum var nafni félagsins breytt í Félag skólastjórnenda í Reykjavík. Lög félagsins eru í fylgiskjali 1.

Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 19. janúar 2011. Á þeim fundi var ákveðið að Jón Páll tæki að sér að vera gjaldkeri félagsins og Þorkell ritari.

Umræður um niðurskurð á fjárveitingum til grunnskólanna og skipulagsbreytingar í skólahverfum borgarinnar voru áberandi í störfum stjórnar félagsins en einnig lagði stjórnin áherslu á að bjóða upp á uppbyggilega fræðslu fyrir félagsmenn.

Fundir

Félagsfundir

Stjórn félagsins stóð fyrir fjórtán félagsfundum þar sem ýmis fræðsluerindi voru flutt og málefni líðandi stundar rædd.

1. **félagsfundur:** Jólafundur í samvinnu við Menntasvið, haldinn 10. desember 2010
2. **félagsfundur:** Haldinn 11. febrúar 2011 í Háskólanum í Reykjavík. Aðalefni fundarins var erindi Guðrúnar Högnadóttur framkvæmdastjóra Opna háskólans í HR sem bar heitið *Þegar á móti blæs*.
3. **félagsfundur:** Haldinn 4. mars 2011 í Háskólanum í Reykjavík. Aðalefni fundarins var erindi Hönnu Guðlaugsdóttur, *Samstíga og samheldin stjórnendateymi*.
4. **félagsfundur:** Haldinn 8. apríl 2011 í Háskólanum í Reykjavík. Aðalefni fundarins var erindi Kristins T. Gunnarssonar um *Traust*
5. **félagsfundur/vorfundur:** Haldinn 13. maí 2011 á Hótel Holti. Ræðumaður kvöldsins var Hilmar Hilmarsson skólastjóri Réttarholtsskóla. Hljómsveit úr Selásskóla spilaði fyrir gesti.
6. **félagsfundur:** Haldinn 7. október 2011 á Hótel Sögu. Aðalefni fundarins kynning Ragnars Þorsteinssonar nýráðins sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs á skipan hins nýja sviðs.

7. **félagsfundur:** Haldinn 11. nóvember 2011 í Réttarholtsskóla. Aðalefni fundarins var samstarf skóla- og frístundasviðs og skólastjórnenda og innra starf félagsins. Ólafur H. Jóhannsson stýrði umræðum.
8. **félagsfundur:** Jólafundur haldinn í samvinnu við Menntasvið 9. desember 2011.
9. **félagsfundur:** Haldinn 27. janúar 2012 í Langholtsskóla. Aðalefni fundarins var kynning Sigríðar Margrétar Sigurðardóttur á rannsókn á *samhenginu á milli forystu og forystuhæfni annars vegar og þróunarferils skóla*.
10. **félagsfundur:** Haldinn 9. mars 2012 í Hagaskóla. Fundurinn var tvískiptur, annars vegar funduðu deildarstjórar og aðstoðarskólastjórar og hins vegar skólastjórar.
11. **félagsfundur:** Haldinn 23. mars 2012. Lars Imsland skólastjóri Hraunvallarskóla kynnti meistaraprófsverkefni sitt sem ber heitið „*Svo framarlega sem það samræmist skólastefnunni*“ Áherslur skólastjóra við mótun menningar sem styður við kennslufræðilega stefnumörkun.
12. **félagsfundur:** Haldinn 20. apríl 2012. Aðalefni fundarins var kynning Svanhildar M. Ólafsdóttur formanns Skólastjórafélags Íslands á úttekt Capacent Gallup á uppbyggingu á starfsemi Skólastjórafélags Íslands.
13. **félagsfundur:** Haldinn 23. maí á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Ræðumaður fundarins var Sigþór Magnússon skólastjóri Breiðholtsskóla. Ari Eldjárn flutti einnig erindi.
14. **félagsfundur:** Haldinn 5. október á Grand Hótel. Ræðumaður Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands. Aðalfundur.

Fundargerðir félagsfunda eru á vef félagsins <http://skolastjorar.grunnskolar.is/>

Aðrir óformlegir félagsfundir

Skólastjórar hittust einnig utan hefðbundinna félagsfunda, m.a. í janúar 2011 í Hagaskóla, í febrúar 2011 í Laugalækjarskóla og í september 2011 í Grandaskóla.

Stjórnarfundir

Stjórn Félags skólastjórnenda fundaði fimmtán sinnum á tímabilinu. Fundargerðir eru á vef félagsins <http://skolastjorar.grunnskolar.is/>

Fundir menntaráðs/skóla- og frístundaráðs

Formaður félagsins eða varaformaður í forföllum formanns var áheyrnarfulltrúi skólastjóra á fundum menntaráðs/skóla- og frístundaráðs. Þorkell Daníel Jónsson aðstoðarskólastjóri Selásskóla sat einn fund. Fulltrúi skólastjóra í Reykjavík sat samtals 49 fundi á tímabilinu og lagði fram þrettán bókanir, þrjár fyrirspurnir, eina tillögu og eitt bréf í nafni félagsins. Innihald þess sem fulltrúi félagsins lagði fram á fundum ráðsins má finna á vef félagsins, í fundargerðum ráðsins og í fylgiskjali 4.

Aðrir fundir

Formaður sat formanna- og trúnaðarmannafundi Skólastjórafélags Íslands 2011 og 2012. Einnig vinnufund stjórnar, skólamálanefndar, samningarnefndar og kjararáðs Skólastjórafélags Íslands í febrúar 2012.

Formaður sat fundi sem trúnaðarmaður með skólastjórum í sameiningarferli sem þess óskuðu og tók þátt í umræðu við skólastjóra m.a. um dag barnsins sem einnig var ræddur í Ráðhúsinu í maí 2011. Fundað var með formanni Skólastjórafélags Íslands. Einnig var fundað með skólastjórum sem voru í sameiningarferli vorið 2012. Formaður sat fundi með Velferðarvaktinni og fleiri fundi.

Tengsl við skólayfirvöld

Eins og fram kemur í fundargerðum félagsins undanfarin tvö ár ollu fyrirhugaðar og síðan framkvæmdar breytingar á skipan skólastarfs í sumum hverfum borgarinnar umtalsverðu róti og óánægju meðal félagsmanna. Borgaryfirvöld og skóla- og frístundaráð sættu töluverðri gagnrýni af hálfu félagsmanna fyrir framkvæmd breytinganna. Stjórn félagsins hefur ávallt talið mikilvægt að gott samstarf sé milli félagsins og skólayfirvalda í borginni.

Formaður og varaformaður áttu fund með Ragnari Þorsteinssyni sviðstjóra SFS og Oddnýju Sturludóttur, formanni skóla- og frístundaráðs um skólamál í Reykjavík.

Umsagnir

Stjórn félagsins sendi frá sér umsögn um skýrsluna *Greining tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila* – febrúar 2011.

Einnig vann skólamálahópur félagsins umsögn *Um drög að stefnu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar* (maí 2012).

Stefnumótun til framtíðar – hugmyndir og efndir

Á áttatímum í skólamálum í Reykjavík komu fram umræður um hvort félagið yrði að taka sér nýja stöðu í skólapólitík borgarinnar. Stjórn félagsins ákvað að efna til [hugmynda- og stefnumótunarfundar þann 11. nóvember 2011](#) og var hann haldinn í Réttarholtsskóla. Ólafur H. Jóhannsson var fenginn til þess að leggja upp fundinn með stjórninni og til að stýra vinnunni á fundinum. 35 félagsmenn mættu og ræddu hugmyndir sínar um helstu áherslur í sex hópum. Spurningarnar sem þeir glímdu við voru eftirfarandi:

Hvernig birtist ykkur ..

- staða grunnskólanna í Reykjavík í dag?
- staða skólastjórnenda í Reykjavík í dag?
- staða ykkar skóla í dag?

Hvaða verkefni/aðgerðir ætti félagið að setja í forgang?

- Inn á við, gagnvart félaginu, okkur sjálfum.
- Út á við, t.d. gagnvart SFS.

Ræðið og mótið 1-3 verkefni/aðgerðir sem stjórn félagsins ætti að setja í forgang.

Helstu niðurstöður

Niðurstöður hópanna voru teknar saman og flokkaðar. Þær hugmyndir sem fram komu voru lesnar yfir, flokkaðar og sumar sameinaðar. Alls urðu þetta 10 tillögur sem fylgja hér í þeim flokkum sem dregnir voru upp eftir á.

Skólamál

1. Félagið á að beita sér fyrir því að starfsumhverfi skólastjórnenda verði tekið og skoðað. Kannað verði hvort svigrúm er til að ljúka verkefnum með sóma, t.d. skóla án aðgreiningar. Afrakstur þeirrar vinnu gæti verið skilgreining á þjónustuviðmiðum við núverandi aðstæður.
2. Félagið á að setja á stofn skólamálahóp sem hefur það hlutverk að vaka yfir því sem er að gerast í þróun skólamála í Reykjavík, beita sér fyrir umræðu í félaginu og tryggja að rödd skólastjórnenda heyrist.
3. Leggja þarf áherslu á að fá til baka raunverulegt sjálfstæði skólanna. Byrja með því að skilgreina sjálf hvað í því felst og vinna svo markvisst að því.
4. Efla skal samskipti við SFS og stjórnendur skóla- og frístundaráðs með það fyrir augum að byggja upp traust.

Jafningjastuðningur

5. Félagið á að endurvekja stuðningsteymi með reynslumiklum stjórnendum sem er félögum til ráðgjafar í erfiðum málum. Safna hugmyndum um hvernig slíkt teymi getur starfað og móta ferla um vinnulag þess og aðkomu að einstökum málum.

Fræðslumál

6. Á hverju ári þarf félagið að ákveða eitt viðfangsefni sem þema sameiginlegrar fræðslu, þannig verður það faglegt forystuafli.
7. Félagið getur staðið fyrir námsferðum, skólaheimsóknum og ráðstefnum.

Félagsmál

Tillaga um breytta skipan stjórnar félagsins:

8. Kjósa formann, ritara og gjaldkera á aðalfundi. Á næsta fundi stjórnenda í borgarhverfunum er tilnefndur fulltrúi sinn fulltrúa í stjórn félagsins.

Félagsandi og samkennd

9. Félagið þarf að vera virkara afl og leggja aðaláherslu á að efla hópinn.
10. Félagið getur staðið fyrir ýmsum léttum samkomum og skemmtiferðum.

Þarna fékk stjórnin mikið og gott veganesti til vinnu næstu mánuðina og jafnvel inn í nýtt kjörtímabil. Ljóst var þó að stjórnin þyrfti að bæði að forgangsraða og fá fleiri til vinnu fyrir félagið.

Frekari forgangsröðun

Stjórnin efndi fljótlega til netkönnunar meðal allra félagsmanna um forgangsröðun þessara 10 atriða. Þátttakendur voru beðnir um að tilgreina 1 - 4 atriði sem þeir vildu að stjórnin legði megináherslu á. 59 félagsmenn tóku þátt í könnuninni.

Tillögur 1 og 2 fengu hvor um sig atkvæði um 40 þátttakenda og tillögur 5, 4 og 3 fengu á bilinu 25-30 atkvæði, aðrar tillögur minna.

Efndir stjórnar það sem eftir lifði vetrar

Fljótlega voru stofnaðir tveir hópar, skólamálahópur (tillaga 2) og stuðningsteymi (tillaga 5). Þeirra fyrstu verk voru að semja sér eigin erindisbréf (fylgiskjöl 5 og 6) og bera þau undir stjórn félagsins. Stuðningsteymið hittist tvisvar á vorönn 2012. Þegar erindisbréf skólamálahópsins var tilbúið eftir tvo fundi var hafist handa við forgangsröðun verkefna. Í framhaldi af því skipti hópurinn sér í tvo vinnuhópa þar sem annar fór að skoða sameiningu skóla og hinn sérkennslumál (tillaga 1). Jafnframt var rætt um að næsta verkefni hópsins yrði að skoða starfsumhverfi skólastjórnenda í Reykjavík og samdrátt á stjórnunarkvóta. Sérkennsluhópurinn hittist alls fjórum sinnum og á vordögum 2012 skilaði sérkennsluhópurinn af sér álitserð um drög að nýrri sérkennslustefnu borgarinnar. Ennfremur var ákveðið að formaður og varaformaður skyldu leita eftir samráðsfundum við formann skóla- og frístundaráðs og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs (tillaga 4).

Félagið stóð fyrir tveimur símenntunarfundum á vormisseri 2012 (tillaga 6). Tveir skólastjórnendur komu og kynntu nýlegar MA-ritgerðir sínar. Sigríður Margrét Sigurðardóttir aðjúnkt við HA og fyrrum skólastjóri sem fjallaði um forystuhæfni skóla og Lars Jóhann Imsland skólastjóri Hraunvallaskóla fjallaði um stefnufestu skólastjóra.

Tillögu 8 verður mætt að hluta með skipan í nýja stjórn haustið 2012 en nýrri stjórn falið að ákveða framhaldið.

Að lokum hélt stjórn félagsins glæsilegan vorfagnað á Hótel Natura (tillaga 10).

Eins og fram kemur að ofan er gert ráð fyrir að skólamálahópur og stuðningsteymi starfi áfram næsta kjörtímabil.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Lög fyrir Félag skólastjórnenda í Reykjavík

Nafn

1. gr.

Félagið heitir Félag skólastjórnenda í Reykjavík og er deild í Skólastjórafélagi Íslands. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Hlutverk félagsins er

2. gr.

- a) Að fara með málefni félagsmanna í Félagi skólastjórnenda í Reykjavík.
- b) Að vinna að bættum kjörum félagsmanna sinna.
- c) Að stuðla að umbótum í fræðslu- og uppeldismálum í Reykjavík.
- d) Að vinna að aukinni menntun félagsmanna.
- e) Að stuðla að kynningu milli félagsmanna og efla faglega umræðu meðal þeirra.
- f) Að efla skólastarf í Reykjavík í hvívetna og kynna það sem best.
- g) Að annast tengsl við sambærileg félög innanlands sem erlendis og stuðla að samskiptum við aðrar þjóðir.

Aðild að félaginu eiga

3. gr.

Aðild að félaginu eiga þeir félagar Skólastjórafélags Íslands sem starfandi eru í grunnskólum í Reykjavík.

Aðalfundur

4. gr.

Aðalfundur félagsins skal halda annað hvert ár í október. Til fundarins skal boðað með eins mánaðar fyrirvara. Rétt til setu á aðalfundi hafa allir félagsmenn. Einum mánuði fyrir aðalfund auglýsir stjórn félagsins eftir framboðum til stjórnar. Tillögur skulu hafa borist stjórn, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Dagskrá aðalfundar

5. gr.

- a) Fundarsetning og skipan fundarstjóra og fundarritara.
- b) Skýrsla stjórnar.
- c) Reikningar lagðir fram.
- d) Lagabreytingar.
- e) Kosningar:
 - Kosning skoðunarmanna reikninga.
 - Kosning formanns og varaformanns.
 - Kosning þriggja meðstjórnenda.
- f) Önnur mál.

Kosningar

6. gr.

- a) Kjósa skal sérstaklega formann og varaformann. Auk þeirra skal kjósa þrjá meðstjórnendur sem skipta með sér verkum og tvo til vara.
- b) Kjósa skal tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara.
- c) Kjósa skal bundinni leynilegri kosningu, ef stungið er upp á fleirum en kjósa á. Að öðrum kosti teljast þeir sjálfkjörnir sem tilnefndir hafa verið.

Stjórn

7. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, kjörtímabil stjórnar er tvö ár og eru stjórnarmenn kjörnir á aðalfundi félagsins. Að frátöldum formanni og varaformanni skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórn heldur stjórnarfundum svo oft sem þurfa þykir.

Almennir félagsfundir

8. gr.

Stjórn Skólastjórafélags Reykjavíkur boðar til almennra félagsfunda. Skyld er að boða til almenns fundar ef 10% eða fleiri krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Um gjörðabækur

9. gr.

Ritari félagsins heldur gjörðabækur og fundargerðir skulu samþykktar á stjórnarfundum og undirritaðar af ritara og formanni. Fundargerðir stjórnar og nefnda skulu birtar félagsmönnum á aðgengilegan hátt t.d. með netpósti.

Fjárreiður og bókhald

10. gr.

Gjaldkeri félagsins hefur umsjón með fjárreiðum þess og bókfærslu og leggur fram reikninga undirritaða af skoðunarmönnum félagsins. Auk þess skal hann gefa stjórn yfirlit yfir stöðuna a.m.k. einu sinni á ári.

Lagabreytingar

11. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins enda hafi breytingarnar verið kynntar í fundarboði. Tillögur um lagabreytingar þurfa að hafa borist stjórn þrem vikum fyrir aðalfund og skulu þær kynntar félagsmönnum eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Til þess að breyting nái fram að ganga verður hún að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atvæða.

Gildistaka

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar aðalfundur Skólastjórafélags Reykjavíkur hefur samþykkt þau.

Fylgiskjal 2

Ályktun af aðalfundi 2010

Aðalfundur Skólastjórafélags Reykjavíkur, haldinn 12. nóvember 2010, lýsir yfir þungum áhyggjum af boðuðum niðurskurði í grunnskólum borgarinnar á næsta ári.

Niðurskurður undanfarinna ára hefur gengið afar nærri skólunum og ekki verður séð hvernig hægt er að skera meira niður í skólastarfinu án þess að skerða lögboðna kennslu og þjónustu sem grunnskólum er ætlað að veita.

Fundurinn skorar á borgaryfirvöld að hætta við frekari niðurskurð á fjármagni til grunnskólanna og kappkosta að standa vörð um velferð og menntun barnanna í borginni.

Fylgiskjal 3

Starfshópar á kjörtímabili stjórnar 2010-2012

Félagsmenn í Félagi skólastjórnenda í Reykjavík hafa setið/sitja í ýmsum starfshópum og nefndum á starfstíma stjórnar. Um er að ræða hópa á vegum Félags skólastjórnenda í Reykjavík, Menntasviðs Reykjavíkur/skóla- og frístundasviðs og annarra aðila. Sumir þessara hópa hafa lokið störfum og skýrslur gefnar út.

Endurskoðendur reikninga

Björn Pétursson skólastjóri Melaskóla
Inga Þórunn Halldórsdóttir skólastjóri Borgaskóla
Árni Freyr Sigurlaugsson deildarstjóri í Fossvogsskóla, til vara
Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastjóri Ísaksskóla, til vara

Áheyrnarfulltrúi skólastjóra í menntaráði

S. Ingibjörg Jósefsdóttir skólastjóri Hagaskóla
Börkur Vígbórsson skólastjóri Grandaskóla, til vara.

Skólamálahópur

Þessi hópur starfar alfarið á vegum Félags skólastjórnenda í Reykjavík og hóf störf í janúar 2012.

Árni Freyr Sigurlaugsson deildarstjóri í Fossvogsskóla
Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla
Guðlaug Erla Gunnarsdóttir skólastjóri Ingunnarskóla
Helga Jóna Pálmadóttir aðstoðarskólastjóri Melaskóla
Hildur Jóhannesdóttir skólastjóri Dalskóla
Hólmfríður Guðjónsdóttir skólastjóri Hólabrekkuskóla
Hreiðar Sigtryggsson skólastjóri Langholtsskóla
Börkur Vígbórsson - fulltrúi stjórnar
Jón Páll Haraldsson - fulltrúi stjórnar

Stuðningshópur

Þessi hópur starfar alfarið á vegum Félags skólastjórnenda í Reykjavík og hóf störf í janúar 2012.

Jónína Ólöf Emilsdóttir skólastjóri Vogaskóla
Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson skólastjóri Foldaskóla
Þorsteinn Sæberg skólastjóri Árbæjarskóla
S. Ingibjörg Jósefsdóttir skólastjóri Hagaskóla - fulltrúi stjórnar

Samráð skólastjóra og Menntasviðs Reykjavíkur/ skóla- og frístundasviðs (2010-2012)

Fulltrúi stjórnar

S. Ingibjörg Jósefsdóttir skólastjóri Hagaskóla
Börkur Vígbórsson skólastjóri Grandaskóla

Börnin í borginni (2008 -)

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla
Jónína Ólöf Emilsdóttir skólastjóri Vogaskóla til 2011

Aðgerðir vegna PISA (2008 - 2012)

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri Víkurskóla

Öskudagsráðstefnan 2011

Árdís Ívarsdóttir aðstoðarskólastjóri Borgaskóla
Brynhildur Ólafsdóttir skólastjóri Álftamýrarskóla

Öskudagsráðstefnan 2012

Árdís Ívarsdóttir aðstoðarskólastjóri Borgaskóla
Sigríður Heiða Bragadóttir skólastjóri Laugarnesskóla

Fulltrúi í úthlutunarnefnd styrkja á vegum menntaráðs Reykjavíkur (2010 - 2011)

Þórður Kristjánsson skólastjóri Seljaskóla

Fulltrúi í úthlutunarnefnd íslenskuverðlauna menntaráðs (2007- 2012) heitir nú

Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík (2012 -)

Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri Fellaskóla

Starfshópur um fyrirkomulag námskeiða fyrir kennara (2010)

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri Víkurskóla
Jónína Emilsdóttir skólastjóri Vogaskóla

Endurskoðun á stefnu fræðsluráðs um sérkennslu frá 2002 (október 2010 - apríl 2011)

Hildur Eggertsdóttir aðstoðarskólastjóri Öskjuhlíðarskóla.
Þórður Kristjánsson skólastjóri Seljaskóla.

Samráðshópur um skólaþjónustu Þjónustumiðstöðva (ágúst 2010 - desember 2010)

S. Ingibjörg Jósefsdóttir skólastjóri Hagaskóla

Starfshópur um endurskoðun á reiknilíkani Menntasviðs Reykjavíkurborgar (2009 - 2010)

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla
S. Ingibjörg Jósefsdóttir skólastjóri Hagskóla
Svanhildur Ólafsdóttir skólastjóri Korpuskóla
Þórður Kristjánsson skólastjóri Seljaskóla

Starfshópur á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis til að ræða reynsluna af barnaverndarlögnum 2002 (2010)

Eygló Friðriksdóttir skólastjóri Sæmundarskóla
Reynir Daníel Gunnarsson skólastjóri Ölduselsskóla

Starfshópur um forvarnir og lífsleiknikennslu (2010)

Freyja Friðbjarnardóttir deildarstjóri í Árbæjarskóla

Starfshópur um verklagsreglur um samstarf tónlistarskóla og grunnskóla (2010)

Eygló Friðriksdóttir skólastjóri Sæmundarskóla
Sif Vígbórsdóttir skólastjóri Norðlingaskóla

Starfshópur um að stuðla að auknum námsáhuga drengja/nemenda í grunnskólum (2010 - 2012)

Jón Páll Haraldsson aðstoðarskólastjóri Laugalækjarskóla
Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir aðstoðarskólastjóri Hamraskóla

Starfshópur um mótun lestrarstefnu fyrir grunnskóla Reykjavíkur (2010 - 2012)

Sigþór Magnússon skólastjóri í Breiðholtsskóla.

Samstarfshópur um verklagsreglur Menntasviðs um þjónustu við grunnskólanemendur með fjölþættan vanda (2007 - 2012)

Þorsteinn Sæberg skólastjóri Árbæjarskóla.

Starfshópur um skjalamál í grunnskólum Reykjavíkur (2010 - 2011)

Hilmar Hilmarsson skólastjóri Réttarholtsskóla

Kristín Hjartardóttir skrifstofustjóri Öskjuhlíðarskóla.

Stýrihópur um menntun skólaliða (2011)

Jónína Emilsdóttir skólastjóri Vogaskóla

Umræðuhópur um kennaranema (2011) Anna Kristín frá Menntavísindasviði, Valgerður Janusdóttir starfsmannastjóri Menntasviðs, Svanhildur M. Ólafsdóttir formaður Skólastjórafélags Íslands.

Fulltrúar félagsins: Reynir Daníel Gunnarsson skólastjóri Ölduselsskóla,

Jón Páll Haraldsson aðstoðarskólastjóri Laugalækjarskóla

Starfshópur sem á að vinna gegn áhrifum staðlaðra kynjamynda (2011)

Árni Freyr Sigurlaugsson deildarstjóri Fossvogsskóla

Samstarfshópur ÍTR, MSR og LSR um samþætt skóla- og frístundastarf 6 – 9 ára barna í Reykjavík (2011)

Guðbjörg Þórisdóttir skólastjóri Breiðagerðisskóla.

Starfshópur um útfærslu reglugerðar um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 (2011)

Jóhanna Vilbergsdóttir skólastjóri Engjaskóla.

Starfshópur um endurskoðun á kostnaðarskiptingu upplýsingatæknimála (2012)

Hreiðar Sigtryggsson skólastjóri Langholtsskóla.

Starfshópur um skoðun og mótun verklags vegna flókinna stjórnunar- og stjórnsýslumála (2012)

Ásgeir Beinteinsson skólastjóri Háteigsskóla.

Þverfaglegur starfshópur sem miðar að því að tengja sama ólíkan aldur barna og ungmenna sem taka þátt í starfsemi á vegum skóla- og frístundasviðs (2012).

Börkur Vígþórsson skólastjóri Grandaskóla.

Úthlutunarnefnd vegna almennra styrkja og þróunarstyrkja skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur (2012 -)

Jónína Emilsdóttir skólastjóri Vogaskóla.

Starfshópur um samstarf Fjölskyldu- og húsdýragarðsins og skóla- og frístundasviðs (2012 -)

Björgvin M. Björgvinsson skólastjóri Klébergsskóla.

Fylgiskjal 4

Eftirfarandi lagt fram í menntaráði/skóla og frístundaráði

Bókun á 137. fundi menntaráðs 26. janúar 2011

Fulltrúar skólastjóra og kennara í menntaráði fagnar framsetningu niðurstaðna PISA 2009 þar sem hver og einn skóli fær niðurstöður og samanburð við fyrri niðurstöður. Á þann hátt gefst kennurum og stjórnendum skólanna tækifæri til að fagna góðum árangri ásamt því að vinna með niðurstöðurnar til hvatningar og framfara í skólastarfi í samvinnu við nemendur og foreldra.

Bréf lagt fram á 137. fundi menntaráðs 26. janúar 2011

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs

Reykjavík 25. janúar 2011

Frá ársbyrjun 2011 hafa skólastjórar í Reykjavík fundað í hverri viku. Á þessum fundum hefur komið skýrt fram að áhyggjur þeirra af skertu fjármagni til skólanna eru umtalsverðar.

Skólastjórar bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á sínum stofnunum en gífurlegur niðurskurður þriðja árið í röð er á ábyrgð stjórnmalamanna. Skólastjórar gera þá kröfu að stjórnmalamenn í Reykjavík geri foreldrum og starfsmönnum skólanna þegar í stað grein fyrir þeim gífurlega niðurskurði sem hefur verið kynntur í fjárhagsáætlun 2011.

Fulltrúi skólastjóra í menntaráði óskar eftir að leggja fram eftirfarandi bókun utan dagskrár:

Fulltrúi skólastjóra í menntaráði bendir á að framlagðar fjárhagsáætlanir grunnskólanna 2011 gera ráð fyrir að töluverð skerðing eigi sér stað á þjónustu skólanna frá og með vormánuðum og boðuð er veruleg skerðing á kennslumagni á næsta skólaári. Skorað er á kjörna fulltrúa að gera foreldrum og starfsfólki skólanna þegar í stað grein fyrir ákvörðunum sínum og þeim afleiðingum sem þær geta haft á grunnskólastarf í borginni.

Það er ljóst að þær forsendur sem skólastjórnendum er gert að byggja rekstraráætlanir sínar á gera ráð fyrir skerðingu á kennslumagni sem hefur þau áhrif að nemendahópar verða stærri, skerða þarf list- og verkgreinakennslu, val í 8. – 10. bekk og stuðning við nemendur. Þjónusta almennra starfsmanna mun skerðast m.a. starfshlutfall á bókasafni á sama tíma og við viljum leggja áherslu á læsi nemenda. Veruleg skerðing fjármagns er til efnis fyrir verklega kennslu og pappírkaupa. Tölvukostur skólanna er víða orðinn gamall og úrsérgenginn. Ekkert fjármagn er veitt til símenntunar starfsmanna. Fjármagn til ræstingar á skólahúsnaði er skert. Menntasvið leggur áherslu á foreldrasamstarf en sá hluti foreldrasamstarfs sem fer fram utan vinnutíma kennara kostar umtalsverða fjármuni. Það fer ekki saman að skerða starfshlutfall í mötuneyti og að gæta hagræðingar. Það er hagræði í því að vinna hráefni frá grunni og umtalsverð gæði sem því fylgja en það kostar fleiri hendur en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir.

Skólastjórar hafa undanfarin tvö ár hagrætt og skorið niður í rekstri skólanna án þess að ná þeim óraunsæju markmiðum sem gerð voru, með þeim afleiðingum að endar náðu ekki saman á síðasta ári. Áframhaldandi niðurskurður er aðför að skólastarfi. Skólastjórar í Reykjavík óska eftir því að fyrirhugaður niðurskurður á kennslukvóta skólanna verði endurskoðaður og dreginn til baka.

Það er nauðsynlegt að starfshópur sem skipaður var *um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila* skili af sér niðurstöðum strax í byrjun febrúar og ákvarðanir verði teknar sem fyrst. Þær ákvarðanir geta haft umtalsverðar breytingar í för með sér.

Skólastjórar í Reykjavík eru öflugur hópur fagmanna og vita að hlutaverk skólanna er að tryggja börnunum bestu fánlegu menntun með námi við hæfi hvers og eins og hæfilegri bekkjarstærð. Við stöndum vörð um velferð nemenda við aðstæður sem eru erfiðar og látum ekki deigan síga, en gerum þá kröfu að starfsmenn skólanna og foreldrar verði upplýstir um fyrirhugaðan niðurskurð.

Sem formaður í Félagi skólastjórnenda í Reykjavík óska ég eftir að því að fjárhagsáætlanir grunnskólanna í Reykjavík verði kynntar á menntaráðsfundi og þær niðurskurðarkröfur sem skólastjórum er ætlað að framfylgja.

Virðingarfyllt

S.Ingibjörg Józefsdóttir

formaður Félags skólastjórnenda í Reykjavík

Bókun á 138 fundi menntaráðs 9. febrúar 2011

Fulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík í menntaráði bendir á að töluverð óánægja er meðal grunnskólastjórnenda með framgang og framkvæmd þeirrar vinnu sem í gangi er og snýr að hugsanlegri sameiningu eða samrekstri skólastofnana og frístundastarfs í borginni. Óánægjan snýr bæði að því hvernig hefur verið staðið að upplýsingaöflun, upplýsingagjöf og samráði við foreldra og starfsfólk sem og hvernig þeim sameiningarhugmyndum sem nú er unnið með hefur verið fylgt úr hlaði. Verulega hefur skort á að forsendur, bæði faglegar og fjárhagslegar liggi fyrir þannig að unnt sé fyrir viðkomandi aðila að taka afstöðu til hugmyndanna á faglegum forsendum. Þessi framsetning hefur orðið til þess að skapa óvissu og ólgu í kringum skólastarf í borginni. Skólastjórnendur fara þess á leit að vandað verði til verka í þessu mikilvæga máli og undirbúningi verði gefinn sá tími sem þarf, til að sátt náist um framkvæmd málsins.

Bókun og fyrirspurn á 140. fundi menntaráðs 16. mars 2011

Áheyrnarfulltrúar skólastjóra, kennara og SAMFOK í menntaráði hvetja menntaráð/borgarráð/borgarstjórn til að upplýsa hagsmunaaðila og taka mark á þeim umsögnum sem munu koma fram á næstu dögum. Samkvæmt erindisbréfi starfshópsins á að útfæra tillögur til fjögurra ára og greina faglegan og fjárhagslegan ávinning við hvern sameiningarkost. Það hefur ekki verið gert. Ekki er vænlegt til árangurs að breytingar á annars góðu starfi grunnskólanna í Reykjavík verði þvingaðar fram í andstöðu foreldra og starfsmanna. Enn er tækifæri til að vinna betur í öllum hverfum og eiga opnar og heiðarlegar viðræður við fólk um hvernig best verði staðið að hagræðingu í grunnskólum borgarinnar í hverju nærsamfélagi fyrir sig.

Áheyrnarfulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur lagði fram svohljóðandi fyrirspurn: Í nýútkominni skýrslu starfshóps um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila er tafla á blaðsíðu 9 sem á að sýna fjárhagslegan ávinning af þeim tillögum sem settar eru fram í skýrslunni. Óskað er eftir ítarlegum upplýsingum og útreikningum á hvað er innfalið í hverri línu af fyrstu þremur línunum í töflunni. Hvað felst í útreikningum á Grunnskóli breytingar á yfirstjórn (3 sameiningar), Leikskóli breytingar á yfirstjórn (14 sameiningar) og Sameinaðir leik- og grunnskólar, breytingar á yfirstjórn (2 sameiningar).

Einnig er óskað eftir nánari útskýringum á útreikningum vegna Hagkvæmari bekkjardeilda í grunnskólum (8 skólar). Hvaða skóla er verið að tala um?

Bókun á 142. fundi menntaráðs 6. apríl 2011

Áheyrnarfulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík hvetur borgaryfirvöld til að taka mark á framkomnum umsögnum og staldra við. Ef breytingar á skólamálum í Reykjavík eru óumflýjanlegar verður að vinna að þeim á faglegan hátt í samvinnu við nemendur, foreldra og starfsmenn skólanna. Það mun taka tíma og þann tíma verður að gefa ekki síst í ljósi þeirrar viðurkenndu staðreyndar að árangursríkar breytingar eru unnar í sameiningu.

Tillaga og bókanir á 143. fundi menntaráðs 14. apríl 2011

Allir sex áheyrnarfulltrúarnir leggja til að svarað verði fyrir hverja sameiningu hvernig tekið var tillit til umsagna foreldraráða og skólaráða eins og mennta- og menningamálaráðuneytið lagði til í umsögn sinni og þær upplýsingar gerðar opinberar. Jafnframt að farið verði að tillögu ráðuneytisins um að stuðst verði við gátlista með leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar frá 19. mars 2010 fyrir sameiningu stofnana ríkisins, spurningar aðlagðar að sameiningarverkefninu, þeim svarað og svörin gerð opinber.

Félag skólastjórnenda í Reykjavík fordæmir þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila frá nóvembermánuði til dagsins í dag.

Þessi vinnubrögð hafa skapað gífurlegt óöryggi og óvissu hjá nemendum, foreldrum og starfsmönnum grunnskólanna í borginni.

Skólastjórnendur krefjast þess að nú þegar verði skýrar línur dregnar fram í skólamálum borgarinnar og allar ákvarðanir er varða framtíðarskipan skólamála í borginni verði ítarlega tímasettar.

Áheyrnarfulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík harmar að meirihluti menntaráðs skuli ekki taka mark á umsögnum foreldra, starfsmanna grunnskóla og annarra sérfræðinga sem hafa komið fram varðandi sameiningar grunnskóla í Reykjavík.

Þó svo að tímasetningum hafi verið breytt stendur enn til að sameina grunnskóla þvert á vilja þeirra sem spurðir voru.

Um er að ræða þrjár sameiningar í yfirstjórn Korpuskóla og Víkurskóla, Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla og Borgaskóla og Engjaskóla. Ef umsagnir viðkomandi skólaráða eru skoðaðar er ljóst að viðkomandi skólaráð mæla ekki með sameiningu eða hafna en lýsa yfir vilja til samstarfs og samvinnu við borgaryfirvöld. Meirihlutinn virðist hafa tekið ákvörðun fyrir einhverju síðan því ekkert tillit er tekið til fjölda ábendinga sem komið hafa fram og hafna sameiningu þessara grunnskóla.

Flutningi unglunga úr Húsaskóla og Hamraskóla er hafnað í skólaráðum beggja skólanna. Engu að síður stendur sú tillaga óbreytt.

Það er jákvætt að litið sé á sameiningu Ártúnsskóla, Kvarnaborgar og Skólasels sem tilraunaverkefni. Sem slíkt fær það aðrar áherslur.

Fulltrúi skólastjórnenda fagnar því að skólasamfélagi í Vesturbæ skuli vera falið að koma sér saman um skipan skólamála í hverfinu og hefði kosið að fleiri borgarhlutum hefði verið boðið að taka þátt í þannig verkefni og eiga virkan þátt í umræðu og skipulagi skólamála.

Einnig er það jákvætt að sjá þær breytingar sem hafa átt sér stað varðandi Efra-Breiðholt.

Tillaga eitt um sameiginlega yfirstjórn frístundastarfs og grunnskóla er enn óljós og hefði átt að vera sett fram sem formlegt tilraunaverkefni.

Að öðru leyti vísar fulltrúi skólastjórnenda í Reykjavík í umsögn KÍ. Í lokaorðum þeirrar samantektar eru borgaryfirvöld hvött til að móta skýra sýn og heildarstefnu áður en ráðist er í

umfangsmiklar breytingar og leita raunverulegs samráðs við þá sem hafa bestar forsendur til að fjalla um og greina möguleg tækifæri til skólaþróunar.

Bókun og tillaga á 144. fundi menntaráðs 18. apríl 2011

Áheyrnarfulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík lýsir yfir miklum vonbrigðum og harmar þá leið sem notuð er þegar tillaga borgarstjóra um sameiningar á Menntasviði, Leiksskólasviði og hluta af ÍTR er sett fram. Tillaga borgarstjóra er sett fram án umræðu í menntaráði og ekki er gefinn tími til að ræða hana þar. Meirihlutinn vinnur ekki eftir verklagsreglum menntaráðs og er það óásættanlegt.

Áheyrnarfulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík leggur til að hætt verði við allar framkomnar hugmyndir um sameiningar og samrekstur fyrir utan þær sem fullt samkomulag er um í viðkomandi skólasamfélagi. Nefnd um stjórnkerfisbreytingar ljúki sinni vinnu og í framhaldi af því verði skýr stefna mótuð í málefnum barna í Reykjavík og ákvarðarnir teknar.

Tillaga á 145. fundi menntaráðs 4. maí 2011

Áheyrnarfulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík leggur til að hætt verði við allar framkomnar hugmyndir um sameiningar og samrekstur fyrir utan þær sem fullt samkomulag er um í viðkomandi skólasamfélagi. Nefnd um stjórnkerfisbreytingar ljúki sinni vinnu og í framhaldi af því verði skýr stefna mótuð í málefnum barna í Reykjavík og ákvarðarnir teknar.

Bókun á 3. fundi skóla- og frístundaráðs 2. nóvember 2011

Fulltrúi skólastjóra og fulltrúi kennara í skóla- og frístundaráði hafa verulegar áhyggjur af fjárhagslegri stöðu grunnskóla borgarinnar. Sýnt er að fjárhagsáætlun 2011 stenst ekki þrátt fyrir gríðarlega mikla vinnu í skólum borgarinnar að ná endum saman. Eftir þriggja ára niðurskurð er skólastarf í borginni orðið verulega aðþrengt og birtist á ólíkan hátt eftir skólum og skólagerð. Búnaður í grunnskóla hefur ekki verið endurnýjaður sem skyldi og efniskaup hafa verið í lágmarki. Fjármagn í starfsþróun starfsmanna hefur verið skorið niður þannig að segja má að Reykjavíkurborg hafi ekki geta staðið við kjarasamningsbundnar skyldur sínar gagnvart starfsmönnum.

Álag hefur aukist, ný aðalnámskrá gerir auknar kröfur um faglegt samstarf starfsmanna sem kallar á auknar fjárhagsheimildir. Þar er meðal annars að finna breyttar áherslur á námsmat og aukið samstarf við foreldra og nemendur.

Fulltrúi skólastjórnenda og fulltrúi kennara telja því nauðsynlegt að bregðast strax við þannig að skólarnir geti uppfyllt kröfur til öflugs skólastarfs nemendum til heilla.

Bókun á 5. fundi skóla- og frístundaráðs 7. desember 2011

Fulltrúar skólastjórnenda og grunnskólakennara og skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins taka undir ályktun frá starfsfólki Ölduselsskóla. Mikilvægt er að skóla- og frístundasvið standi með virkum hætti, þétt við bakið á þeim skólum sem lenda í kastljósi fjölmiðla vegna viðkvæmra mála er varða nemendur og vinnu skólanna og starfsmanna þeirra í því sambandi. Mikilvægt er að skóla- og frístundasvið, í samráði við skólastjórnendur, setji sér skýrar vinnureglur um hvernig brugðist skuli við í slíkum tilfellum, með það að leiðarljósi að standa vörð um skólastarf í borginni.

Bókun á 7. fundi skóla- og frístundaráðs 21. desember 2011

Fulltrúarnir taka undir umsögn skóla- og frístundaráðs um drög að atvinnustefnu Reykjavíkurborgar en hefðu kosið að á sama tíma hefði verið fjallað um starfsskilyrði og starfskjör núverandi starfsmanna Reykjavíkurborgar í skólum og frístundastarfi.

Bókun á 11. fundi skóla- og frístundaráðs 15. febrúar 2012

Fulltrúar kennara og skólastjórnenda taka undir bókun skólaráðs Norðlingaskóla dags 8.febrúar 2012 og undrast að ekki skuli hafa verið haft samband við stjórnendur, starfsmenn og skólaráð Norðlingaskóla strax og þær óskir komu fram frá foreldrum leikskólabarna að leikskóladeild sem staðsett er í Norðlingaskóla verði undir stjórn leikskólans. Eins og fram kemur í greinargerð frá 2006 var stjórnunarform Norðlingaskóla ekki ákveðið og er óásættanlegt að þegar svo stórar ákvarðanir eru teknar um skólastarf að ekki sé rætt frá upphafi við alla aðila sem hlut eiga að máli.

Bókun á 12. fundi skóla- og frístundaráðs 7. mars 2012

Fulltrúi skólastjóra fagnar kynningu á metnaðarfullri fyrstu stefnu- og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs 2012. Fulltrúinn lagði fram fjölda spurninga til formanns og ritstjórnar. Flestum þeirra var svarað, aðrar þarf að skoða betur.

Bókun á 22. fundi skóla- og frístundaráðs 15. ágúst 2012

Fulltrúi skólastjóra í skóla- og frístundaráði gagnrýnir að ekki skuli hafa verið haft samband við alla meðmælendur umsækjenda um stöðu skólastjóra við Selásskóla.

Í viðmiði vegna ráðninga skólastjóra grunnskóla í Reykjavík kemur fram að leita skuli eftir upplýsingum um m.a. almenna starfshæfni, hæfni í stjórnun og mannlegum samskiptum.

Umsækjendur tilgreina meðmælendur sem þekkja vel til þeirra starfa og er það eðlileg krafa að haft sé samband við alla meðmælendur.

Fylgiskjal 5

Erindisbréf skólamálahóps Félags skólastjórnenda í Reykjavík

Hlutverk

Skólamálahópurinn vinnur með stjórn félagsins og er henni til stuðnings og ráðgjafar um fagleg málefni grunnskólans og grunnskólastjórnenda í Reykjavík. Hópurinn getur haft frumkvæði að verkefnum sem og brugðist við málum sem upp koma í starfsumhverfi grunnskóla í borginni (sbr. lög félagsins, 2. gr. liður c,d,e,f).

Skipan hópsins

Hópurinn er skipaður í það minnsta 6 fulltrúum skólastjórnenda í borginni auk a.m.k. eins fulltrúa úr stjórn félagsins. Leitast skal við að fulltrúar komi úr sem flestum hverfum borgarinnar.

Verkefni

Meginviðfangsefni hópsins er að stuðla að framþróun og umbótum í skólamálum í Reykjavík, með skólastjórnun í brennidepli. Í því felst m.a. að fylgjast með og bæta starfsumhverfi skólastjórnenda í borginni og vinna að því að starf stjórnenda verði sem skilvirkast, grunnskólabörnum í Reykjavík til heilla.

Þetta gerir hópurinn m.a. með því að:

- gera tillögur að bættu skólastarfi í Reykjavík.
- fylgjast með þeim breytingum sem verða í skólamálum í borginni og geta haft áhrif á störf skólastjórnenda, hvort heldur einstaklinga, hópa eða heildar.
- standa fyrir virkri umræðu meðal félagsmanna um fagleg málefni.
- gera tillögur til stjórnar félagsins um símenntun og samstarfsverkefni fyrir skólastjórnendur í borginni.

Verklag

- Skólamálahópur fundar svo oft sem þurfa þykir en þó ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á önn. Annar þeirra funda skal vera með stjórn félagsins. Formaður félagsins hefur rétt til setu á öllum fundum hópsins.
- Skólamálahópur, í samráði við stjórn, skipuleggur og stendur fyrir a.m.k. einum almennum félagsfundi á önn um fagleg málefni skólastjórnenda í Reykjavík.
- Skólamálahópur getur boðað til funda með sérhópum (skólastj., aðst.skólastj. og deildarstj.) innan félagsins um málefni er varða viðkomandi hópa sérstaklega.
- Félagsmenn geta komið málefnum sem vert er að skoða á framfæri við hópinn.
- Fulltrúar félagsins í starfshópum og nefndum geta leitað til skólamálahópsins varðandi einstök viðfangsefni. Skólamálahópurinn getur jafnframt óskað eftir því að fulltrúar í hinum ýmsu nefndum og starfshópum eigi samræðu um framgang mála.

Fylgiskjal 6

Erindisbréf stuðningshóps Félags skólastjórnenda í Reykjavík

Hlutverk

Stuðningshópurinn vinnur með stjórn félagsins og er til stuðnings og ráðgjafar um málefni grunnskólans og grunnskólastjórnenda í Reykjavík. Hópurinn getur haft frumkvæði að verkefnum sem og brugðist við málum sem upp koma í starfsumhverfi grunnskóla í borginni.

Skipan hópsins

Hópurinn er skipaður þremur fulltrúum skólastjóra í borginni. Formaður Félags skólastjórnenda er einnig í hópunum. Leitast skal við að fulltrúar komi úr sem flestum hverfum borgarinnar.

Verkefni:

Meginviðfangsefni hópsins er að vera skólastjórnendum til ráðgjafar í erfiðum málum í samstarfi við stjórn félagsins og þá aðila sem málið varðar.

Þetta gerir hópurinn m.a. með því að:

- fylgjast með þeim breytingum sem kunna að verða í skólumálum í borginni og geta haft áhrif á starfsumhverfi skólastjórnenda, hvort heldur sem einstaklinga, hópa eða heildar.
- standa fyrir virkri umræðu meðal félagsmanna um fagleg málefni.
- vera til staðar fyrir stjórnendur sem þess óska.

Verklag:

- Skólastjórnendur í Reykjavík geta komið málefnum sem vert er að skoða á framfæri við stuðningshópinn og geta þannig leitað á sem víðasta grunni að ráðgjöf og leiðbeiningu um handleiðslu.
- Stuðningshópurinn getur haft frumkvæði og boðið viðkomandi skólastjórnanda vettvang til að spegla sín mál.
- Stuðningshópur fundar svo oft sem þurfa þykir en þó ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á önn.
- Stuðningshópur getur boðað til funda með sérhópum (skólastjórum, aðst.skólastjórum og deildarstjórum) innan félagsins um málefni er varða viðkomandi hópa sérstaklega.